

Skólaráðsfundur 28.11 2024 kl. 17

Fundur fer fram á Teams

Mættir; Björg Baldursdóttir skólastjóri, Ragnheiður Gísladóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara, Gunnar Karl Sigurðarson og Hrafnkatla Ýma Helgadóttir fulltrúar nemenda, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi starfsmanna, Helga Guðný Sigurðardóttir og Þórleif Kristín Hauksdóttir fulltrúar foreldra, Fjóla Borg Svavarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri er fundarritari.

### **1. Niðurstöður kannana**

Niðurstöður Skólalúpsins þá sem af er þessu skólaári koma mjög vel út, Kársnesskóli er yfir meðaltali í öllum flokkum og í mörgum þeirra mælist marktækur munur. Í fyrsta skipti mælist maturinn „grænn“, þ.e. ánægja með hádegismat er til jafns á við landsmeðaltal.

### **2. Samstarf við kirkjuna**

Kársnesskóli hefur átt gott og farsælt samstarf við sóknarkirkju hverfisins um árabíl. Árlega hafa nemendur á yngsta og miðstigi farið í heimsókn í Kópavogskirkju á aðventunni. Heimsóknin er alfarið á vegum skólans og þar les skólastjóri jólasögu og nemendur syngja jólalög undir stjórn tónmenntakennara. Þeir nemendur sem velja að fara ekki í kirkjuna fá þann valkost að fara með kennurum í menningarhús Kópavogs í staðinn. Skólastjóri ber undir skólaráð ár hvert hvort þeir styðji þessa heimsókn nú í desember og skólaráð samþykkir heimsóknina.

### **3. Fiskilaus skóli**

Í skólanum er nemandi með alvarlegt bráðaofnæmi fyrir fiski o.þ.á.m. fiskigufum. Stundaskrá skólans er m.a. stillt upp út frá viðveru nemandans í aðalbyggingu og því hvenær fiskur er eldaður. Næsta skólaár mun nemandinn flytjast inn í aðalbyggingu og huga þarf að því tímanlega hvernig hægt er að gæta að velferð nemandans því líf hans og heilsa er í húfi. Í samtarfi við menntasvið er verið að skoða hvort skólinn verði fisklaus næsta skólaár. Leitað verður leiða til að veita nemendum omega fitusýrur sem þeir hafa hingað til fengið með því að borða fisk og er sú vinna þegar hafin.

Skólaráð styður þá hugmynd að skólinn verður fisklaus skólaárið 2025 – 2026.

### **4. Skólastjóri í veikindaleyfi**

Heimir Eyvindarson skólastjóri í 1. – 4. bekk og frístund er í veikindaleyfi til áramóta. Björg skólastjóri og Dagmar deildarstjóri yngsta stigs deila milli sín þeim verkefnum sem voru á hans könnu.

### **5. Hugmyndir um næsta ár**

Nú fer af stað hugmyndasamkeppni fyrir nöfn á nýjum skólum og hér er áætluð tímalína:

- 4.-9. desember verði hugmyndasamkeppni þar sem forráðamenn, nemendur, starfsfólk og íbúar geta lagt fram hugmyndir að nöfnum skólanna. Auglýst verður eftir tillögum með tölvupóstum til forráðamanna og starfsfólks, með umræðum meðal nemenda og með auglýsingum á Facebooksíðu íbúa á Kársnesi. Tillögum verður safnað á rafrænan hátt.
- 11. desember tekur skólaráð Kársnesskóla tillögunar til umfjöllunar og velur 3-5 tillögur fyrir hvorn skóla fyrir skoðanakönnun.
- 13.-20. desember verði rafræn skoðanakönnun opin og atkvæðum safnað meðal forráðamanna, nemenda og starfsfólks. Niðurstöður könnunarinnar verður ekki bindandi en hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatökuna.
- 10. janúar verði skólaráð Kársnesskóla búið að fara yfir niðurstöður könnunar og setji fram tillögur til menntaráðs Kópavogs um nafn á skólunum.
- 21. janúar fundar menntaráð og tekur endanlega ákvörðun um nafn á skólunum.

Skólastjórnendur í 5. – 10. bekk eru farnir að huga að skólaþróun fyrir nýjan skóla og fyrir hvaða hugmyndafræði hann mun standa. Ein hugmynd er að leggja enn meiri áherslu á grunnþætti menntunar og lykilhæfni, önnur að fara í enn meiri samvinnu og teymiskennslu milli árganga t.d. með samkennslu árganga að einhverju leiti, s.s. í þemaverkefnum til að byrja með. Umræður og hugmyndavinna með kennurum fer af stað á nýju ári.

## **6. Önnur mál**

Fulltrúi nemenda kemur með hugmynd að því að bæta við bekkjum/sætum fyrir nemendur á móti stofum 9 og 10 á efri gangi austan megin. Það verður sett í skoðun og eins rætt að þegar fækkar í skólanum þá standa vonir til þess að það rýmkest aðeins um okkur og hægt sé að búa unglíngunum meira og betra pláss.

Skólastjóri segir frá innra mati skólans, en utanaðkomandi aðili gerði úttekt á innra mati skólans sem kom vel út. Þó kom ábending um að gera mætti bragarbót á að kynna það fyrir skólaráði sem verður gert.

Fundi slitið kl. 17:30.